

Barn á þessu þrepi hefur náð grunntökum á daglegu máli og getur notað málið til að eiga samskipti við fólk sem það þekkir. Tal þess einkennist af stuttum setningum og málsgreinum og það þarf oft á stuðningi að halda þegar það segir frá. Það sýnir tilburði til lestrar og tengir við forþekkingu sína þegar það skoðar eða vinnur með texta, t.d. myndabækur, þekktar sögur og einfaldan upplýsingatexta. Barn á þessu þrepi tjáir sig með teikningum auk þess sem það gerir tilraunir með ritmálið og líkir eftir táknum sem það sér í umhverfi sínu. Barnið reiðir sig á viðfangsefni daglegs lífs og persónulega reynslu við ritun.

## 1. þrep

2. þrep

3. þrep

4. þrep

5. þrep

6. þrep

### Samræða, tjáning og hlustun

Færniþættir	Áherslur í kennslu
<b>Notkun texta</b>	<b>Notkun texta</b>
Bregst við töluðu máli. Tekur þátt í samskiptum. Skilur einfaldar og algengar spurningar, s.s. <i>ertu svöng/svangur?</i>	Skapa tækifæri fyrir börn til að taka þátt í samræðum, hlusta á og nota fjölbreytta texta, s.s. sögur, þulur, ljóð og fræðitexta. Hvetja börn til að tjá sig um texta sem þau hafa hlustað á. Nota hugtök tengd málnotkun, s.s. að tala og hlusta. Miðla texta á fjölbreyttan hátt, s.s. með söng, leikrænni tjáningu, sögum og lestri.
<b>Skilningur á samhengi</b>	<b>Skilningur á samhengi</b>
Miðar samskipti að því að uppfylla eigin þarfir. Gerir ráð fyrir að viðmælandi hafi sömu bakgrunnsupplýsingar og það sjálft. Áttar sig á merkingu út frá auðskildu máli, raddbeitingu og svipbrigðum í kunnugum aðstæðum. Getur gert sig skiljanlegt við kunnuga fullorðna í þekktum aðstæðum.	<b>Skilningur á samhengi</b> Ræða um tal, hlustun, lestur og ritun, vísa til hlustenda, lesenda og tilgangs. Hvetja börn til að tjá sig á fjölbreyttan hátt í þeim tilgangi að miðla hugsunum og tilfinningum sínum, s.s. með tali, táknum og myndum. Gefa nemendum gagnlega endurgjöf á tal þeirra, hlustun og ritun.
<b>Skilningur á uppbyggingu</b>	<b>Skilningur á uppbyggingu</b>
Hefur vald á grunnorðaförða móðurmálsins. Hefur tileinkað sér ákveðinn samskiptamáta og yfirfærir hann á aðrar aðstæður. Tekur eftir töluðu máli sem beinist persónulega að því. Spyr margra spurninga.	<b>Skilningur á uppbyggingu</b> Þróa og efla orðaforða barnanna með því m.a. að setja orð á athafnir, hluti, hugsanir og tilfinningar og hvetja börnin til að nota orðin. Vera fyrirmynd í samræðum og samskiptum. Vera fyrirmynd í virkri hlustun, s.s. svara/bregðast við beiðnum, spurningum og horfa á viðmælanda í samræðum.
<b>Aðferðir</b>	<b>Aðferðir</b>
Notar persónulega reynslu í tali og hlustun. Notar einfaldar leiðir/aðferðir við tjáningu s.s. bendir, hermif eftir og notar einfaldar setningar. Notar fáar aðferðir við hlustun/skilning, s.s. les í hljómfall og svipbrigði.	<b>Aðferðir</b> Vera fyrirmynd í því hvernig tungumál er notað til að lýsa hugsunum, tilfinningum og löngunum. Vera fyrirmynd í því hvernig má efla samræður, s.s. að stilla raddstyrk, skiptast á að tala og hlusta. Hvetja börn til þátttöku í umræðum.

### Lestur og lesskilningur

Færniþættir	Áherslur í kennslu
<b>Notkun texta</b>	<b>Notkun texta</b>
Hlustar og sýnir skilning með því að bregðast við textanum. Sýnir lestrartilburði, s.s. að snúa lesefninu rétt, flettir/smellir til að opna nýjan glugga. Veit að ritmál geymir upplýsingar en túlkar texta á mismunandi hátt eftir atvikum. Velur lesefni fyrst og fremst til að njóta, t.d. út frá myndskreytingum.	Styrkja áhugahvöt barna á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þau hafi val um fjölbreytt lesefni.
<b>Skilningur á samhengi</b>	<b>Skilningur á samhengi</b>
Tengir textann við eigin reynslu og nefnir dæmi af sjálfu sér. Tjáir sig um innihald textans.	Vera fyrirmynd hvað lestrarhegðun varðar, t.d. að halda á bók, greina orð frá myndum, velja texta.
<b>Skilningur á uppbyggingu</b>	<b>Skilningur á uppbyggingu</b>
Þekkir nokkra stafi (og hljóð þeirra). Þekkir nafnið sitt ritað eða hluta af því. Þekkir endurtekningar í kunnugum sögum, t.d. <i>Baulaðu nú búkolla mín.</i>	<b>Notkun texta</b> Vera fyrirmynd hvað lestrarhegðun varðar, t.d. að halda á bók, greina orð frá myndum, velja texta.
<b>Aðferðir</b>	<b>Aðferðir</b>
Les texta út frá eigin þekkingu á efninu og myndskreytingum. Byggir á eigin reynslu til að skilja texta.	<b>Skilningur á samhengi</b> Skapa tækifæri fyrir börn til að tala um texta og tengja eigin reynslu við það sem lesið er.
	<b>Skilningur á uppbyggingu</b> Ræða hugtök í tengslum við bækur, s.s. <i>kápa, titill, höfundur.</i> Efla hljóðkerfisvitund og stafabekkingu: vinna með framburð orða, vinna með takt og hrynjandi s.s. klappa atkvæði, þulur/vísur og rím, að tengja stafi og hljóð. Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð, s.s. eigið nafn.
	<b>Aðferðir</b> Að vinna með lesskilningsaðferðir, s.s. að tengja við eigin reynslu og bera saman. Að efla orðaforða, s.s. með því að ræða merkingu orða. Kynna börnum bókasöfn. Kenna börnum að ígrunda texta með því að ræða um hann.

### Ritun/miðlun

Færniþættir	Áherslur í kennslu
<b>Notkun texta</b>	<b>Notkun texta</b>
Skilur að ritun felur í sér merkingu. Skilur að ritmál og teikning er ekki það sama. Veit að ritun felur í sér merkingu en les eigin ritun á mismunandi hátt.	Hvetja börn til að tjá sig í gegnum teikningar og lístsköpun. Sýna tengingu milli ritmáls og talmáls. Það sem er sagt má skrifa niður.
<b>Skilningur á samhengi</b>	<b>Skilningur á samhengi</b>
Gerir grein fyrir tilgangi ritunar, t.d. <i>þetta er kort til pabba.</i> Tjáir sig um persónur og atriði í sögum og öðrum textum.	Ræða um að ritun hefur ákveðinn tilgang og geymir upplýsingar. Hvetja börn til að tjá sig um eigin verk.
<b>Skilningur á uppbyggingu</b>	<b>Skilningur á uppbyggingu</b>
Sýnir skilning á ritátt, skrifar frá vinstri til hægri. Notar tákni eða líkir eftir stöfum við ritun. Skrifar nafnið sitt eða hluta þess.	Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð, s.s. eigið nafn.
<b>Aðferðir</b>	<b>Aðferðir</b>
Persónuleg reynsla er helsti hvati til ritunar. Tjáir sig með myndum og táknum (þykjustuskrift). Getur með aðstoð nýtt tölvuforrit/smáforrit til að tjá upplifun sín og hugmyndir, t.d. book creator og Puppet pals Getur sagt frá eigin verki, s.s. mynd sem það hefur teiknað.	<b>Aðferðir</b> Sýna hvernig myndir, tákni og orð fela í sér merkingu. Sýna hvernig má finna ákveðnar upplýsingar í texta. Ræða um og sýna ferli og afrakstur ritunar.

